

Námskeið fyrir ábyrgðarmenn og tæknimenn vegna geislatækja sem gefa frá jónandi geislun og notuð eru í iðnaði eða við öryggisgæslu.

Þetta námskeið er fyrir nýja ábyrgðarmenn og tæknimenn, vegna geislatækja sem notuð eru í iðnaði og við öryggisgæslu, s.s. við farangursskoðun og leit, gæðaeftirlit, framleiðslu-stýringu, efnagreiningu, efnisprófanir og fl.

Geislavarnir ríkisins (GR) gera kröfu til allra nýrra ábyrgðarmanna geislatækja að þeir sækji námskeið stofnunarinnar og er það ein af þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja örugga notkun geislatækja. Ábyrgðarmenn gegna því mikilvæga hlutverki að tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

Þá gera Geislavarna ríkisins (GR) einnig kröfu til þeirra sem annast uppsetningu, viðhald og viðgerðir á geislatækjum, að þeir hafi viðeigandi þekkingu og reynslu og viðurkenningu frá stofnuninni. Til þess að hljóta viðurkenningu GR þurfa tæknimenn meðal annars að sækja námskeið GR.

Efni námskeiðsins:

Kynning á grundvallaratriðum geislavarna, leiðbeiningum Alþjóðageislavarnaráðsins (ICRP) og geislaeðlisfræði. Grundvallarhugtök og stærðir við mælingar á geislun. Íslenskt og alþjóðlegt lagaumhverfi um notkunar geislunar, kröfur til starfsmanna, skipulag gæðaeftirlits og gæðaeftirlitsmælingar.

Ábyrgðarmenn og tæknimenn sem sótt hafa sambærilegt námskeið GR áður (fyrir 2015) og vilja bæta þekkingu sína á þessu sviði geta einnig sótt námskeiðið í heild eða hluta þess. Í síðari hlutanum eftir kl. 13, eru kynntar mikilvægar breytingar sem hafa orðið á lagaumhverfi notkunar geislatækja með tilkomur reglugerðar nr. 1299/2015.

Umsjón: Starfsmenn Geislavarna ríkisins

Dagsetning og tími:

Fimmtudagur 27. september 2018,

klukkan 10:00 til 16:00

Staðsetning: Reykjavík, **nánari staðsetning auglýst síðar.**

Námskeiðsgjald: 20.000 kr. (10.000 kr. hálfan dag)

Skráning og dagskrá á: <https://gr.is/namskeid/> Skráning stendur til: **20. september 2018**
